

80

12. júlí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð frá 30. apríl 1932 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

11. gr. orðist svo:

Láti rafmagnsnotandi hjá liða að greiða gjöld sín samkvæmt gjaldskrá, skal hann sviptur afnotum raforku, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri eða rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vígfús Einarsson.

81

12. júlí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá frá 21. nóv. 1931 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

3. gr. orðist svo: Gjaldið greiðist mánaðarlega eftirá. Þar sem hemill er notaður greiðist $\frac{1}{12}$ af ársgjaldinu í hvert skipti. Hemils- og mælisleiga greiðist ársfjórðungslega eftirá. Láti rafmagnsnotandi hjá liða að greiða gjöld sín eins og hér segir, skal hann sviptur afnotum raforku innan 14 daga, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri eða rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Sá, sem sviptur er afnotum raforku vegna vanskila skal ekki hljóta þau aftur nema hann greiði það, sem vangreitt er af rafmagnsgjöldum hans á því hemilári, þegar hann er sviptur afnotum, eða setji tryggingu, sem rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Taka má gjöldin lögtaki. Húsráðandi eða rafmagnsnotandi sá, sem hefir hemil eða mæli fyrir sig greiðir gjaldið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vígfús Einarsson.